



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fjárfesting í framtíð barna

Þörf fyrir innleiðingu farsældarlaganna miðað við stöðu barna í dag

Þórey Birta Sigurjónsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Júní 2023

DEILD MENNTUNAR OG MARGBREYTILEIKA

Fjárfesting í framtíð barna

Þörf fyrir innleiðingu farsældarlaganna miðað við stöðu barna í dag

Þórey Birta Sigurjónsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Eyrún María Rúnarsdóttir, lektor

Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2023

Fjárfesting í framtíð barna: Þörf fyrir innleiðingu farsældarlaganna
miðað við stöðu barna í dag

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í uppeldis- og menntunarfræði við Deild menntunar og
margbreytileika
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2023 Þórey Birta Sigurjónsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Mikilvægt er að stutt sé við farsæld barna upp á framtíð þeirra sem og fyrir samfélagið í heild sinni. Rannsóknir hafa sýnt að áhrif ýmissa frávika og reynslu barna í æsku geta skert lífsgæði þeirra til framtíðar. Víða virðist brotalöm í þjónustu við íslensk börn en nú hafa verið settar af stað breytingar á henni með innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Markmið þessarar ritgerðar er að skoða hvar þörfin liggur fyrir þeim umbótum sem farsældarlögin kveða á um. Rýnt er í þörfina fyrir innleiðingu farsældarlaganna miðað við stöðu í málefnum velferðar barna í dag með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um stöðu barna og ungmenna í dag ásamt ákvæðum farsældarlaganna. Niðurstöður benda til þess að með hrakandi námsframmistöðu og andlegri líðan barna og ungmenna ásamt fjölgun á óviðunandi fjölskylduaðstæðum barna geti hin nýju lög og þjónustan sem þau kveða á um verið ný umgjörð um þau úrræði sem þörf er á að styrkja. Þó er ekki hægt að fullyrða um það hvort að markmið laganna nái fram að ganga þar sem innleiðing laganna er enn á frumstigi. Ljóst er að þörf er á frekari rannsóknum þegar innleiðing og framkvæmd laganna hefur náð fram að ganga.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Staða barna og ungmenna	9
2.1 Nám og hindranir í námi	9
2.2 Geðheilsa	12
2.3 Barnavernd.....	13
2.4 Biðlistar, greining og þjónusta.....	16
3 Farsældarlögin	19
3.1 Upphaf víðtækrar vinnslu laganna	19
3.2 Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna	21
3.3 Snemmtækur stuðningur	24
3.4 Efnahagsleg arðbærni laganna	25
4 Umræður og lokaorð	27
Heimildaskrá	29

Formáli

Ég vil byrja á því að þakka leiðbeinanda mínum Eyrúnu Maríu Rúnarsdóttur fyrir góða leiðsögn, stuðning og skjót svör. Ég vil einnig þakka fjölskyldunni minni fyrir að veita mér stuðning í skrifunum. Að lokum vil ég þakka Guðlaugu Stellu Brynjólfsdóttur fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](#) (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur) Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni/xx.

Reykjavík, 8. maí 2023

Pórey Birta Sigurjónsdóttir

1 Inngangur

Mótlæti sem fylgir frávikum í barnæsku getur verið forspá þess sem bíður þegar líður á fullorðinsár. Rannsókn Felitti o.fl. (1998) sýndi fram á slík tengsl þar sem áföll auka hættu á áhættuhegðun og heilsufarsvanda á fullorðinsárum. Vissulega tekst mörgum börnum að sigrast á mótlæti og skapa sér farsæla framtíð með seiglu að vopni en þar getur umhverfið sem hinir fullorðnu skapa þeim ráðið miklu (Benard, 2004). Það er því áhyggjuefni að samanburðarrannsóknir hafa á árunum 1992 til 2020 sýnt að geðheilsa framhaldsskólanema á Íslandi hefur versnað á samanburðartímanum (Rannsóknir og greining, 2020) auk þess sem almennum tilkynningum til Barnaverndar hefur fjölgað töluvert frá árinu 2016 til 2020 (Barnaverndarstofa, 2022). Þess má geta í þessu sambandi að námsframmistöðu barna á Íslandi hefur hrakað samkvæmt PISA frá árinu 2009 til 2018 (Menntamálastofnun, 2019).

Flestum ætti að vera ljóst mikilvægi þess að börn sem upplifa frávik hafi aðgang að faglegri þjónustu og umgjörð, sem styður við og grípur þau. Það er því ekki að ástæðulausu að á síðustu árum hafi málefnum barna verið gert hærra undir höfði, og þau sett á dagskrá stjórnmalanna með afgerandi hætti. Ásmundur Einar Daðason (nú mennta- og barnamálaráðherra) hefur verið leiðandi í þeim efnum en í hans tíð sem félagsmálaráðherra breytti hann heiti embættis síns í félags- og barnamálaráðherra með það að leiðarljósi að setja málefni barna í forgang. Þá setti hann í gang vinnu við ný lög sem vísa til umbreytinga á velferðarkerfi barna. Lögin ganga út á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, einnig þekkt sem farsældarlögin, sett fram og samþykkt á Alþingi 22. júní 2021. Megininntak laganna lýtur að samvinnu kerfa og snemmtækum stuðningi við börn og fjölskyldur, með það markmið að stuðla að farsæld barna (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Þá er farsæld barns samkvæmt 2. gr. laganna skilgreint sem „aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar“.

Tilgangur þessarar rannsóknarritgerðar er að varpa ljósi á þörfina fyrir innleiðingu farsældarlaganna og því verður leitast við að svara rannsóknarspurningunni: *Hvar liggur þörfin fyrir innleiðingu farsældarlaganna miðað við stöðu barna í dag? Og hverju gæti innleiðing farsældarlaganna skilað?* Til að svara rannsóknarspurningunni verður farið yfir stöðu barna og ungmenna er varðar nám, geðheilsu, barnavernd og biðlista, greiningu og þjónustu. Þá verður einnig farið yfir vinnslu farsældarlaganna og ákvæði þess.

Börn vaxa úr grasi og fylla hóp hinna fullorðnu sem erfa munu landið og ala af sér nýjar kynslóðir. Því er mikilvægt að bera kennsl á frávik frá farsæld barna þar sem afleiðingar þeirra geta verið bæði neikvæðar og langvarandi, og þar með erfiðari viðureignar þegar á líður. Rannsóknir sem vitnað er til hér að ofan og tölfræðigögn, styðja við mikilvægi þess að

epla velferð barna og ungmenna með skilvirkum hætti. Börn fæðast inn í aðstæður sem þau fá engu um ráðið. Í nútíma velferðarsamfélagi er gerð krafa til þess að umgjörð hins opinbera búi börnum það umhverfi sem veitir þeim tækifæri til að blómstra og öðlast tækifæri til farsældar í framtíðinni. Í þessu samhengi er vert að gera sér grein fyrir mikilvægi innleiðingar farsældarlaganna sem felur í sér viðamiklar breytingar á velferðarkerfinu og þar af leiðandi mögulegum umbótum í málefnum barna.

2 Staða barna og ungmenna

Til þess að átta sig betur á því af hverju gripið hefur verið til ráðstafana með nýrri lagasetningu um nýja umgjörð við þjónustu barna er þess virði að líta til stöðunnar á Íslandi á hinum ýmsu sviðum sem snerta farsæld barna. Í þessum kafla beinist því umfjöllunin að frammistöðu í námi og hindrunum sem því getur fylgt. Þar á eftir verður gerð grein fyrir geðheilsu barna og ungmenna. Þá verður einnig farið yfir barnavernd þar sem sjónum er beint að fjölskylduaðstæðum. Að lokum verður farið yfir stöðuna á biðlistum eftir greiningu og þjónustu barna í dag.

2.1 Nám og hindranir í námi

Menntun skiptir máli þegar kemur að farsælli framtíð barna þar sem meiri skólaganga tengist betri atvinnu, heilsu, hærri lífslíkum auk minni afbrotahæðunar (Rocque o.fl., 2017). Þá er stuðningur skólans ekki síður mikilvægur fyrir þau börn sem eiga hvað helst erfitt uppdráttar. Í takt við breytingar samfélagsins hefur hlutverk skóla síðustu áratugi orðið umfangsmeira. Þar sem áskoranir skólanna tengdar fjölbreytileika nemenda og ólíkum þörfum hafa aukist og birtast í fjölda rökunargreininga og barna af erlendum uppruna (Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2019).

Samkvæmt skýrslu Menntamálastofnunar (2019) um helstu niðurstöður PISA kannana árið 2018, hefur frammistöðu grunnskólanema hér á landi farið aftur og þá sérstaklega eftir könnunina árið 2009. Fram kemur að frá árinu 2009 hefur þeim íslensku nemendum fjölgað sem ekki hafa viðunandi hæfni í lesskilningi og læsi á stærðfræði og náttúruvísindi. Í PISA könnun frá árinu 2012 gekk íslenskum nemendum marktækt verr en áður á öllum matssviðum eftir að hafa verið samhliða flestum Norðurlöndunum í undangenginni könnun árið 2009, lítil breyting var á stöðunni árið 2015. Árið 2012 og 2015 stóðu íslenskir nemendur sig að meðaltali verr í lesskilningi og læsi á náttúruvísindi samanborið við jafnaldra á Norðurlöndum og löndum OECD. Niðurstaða PISA könnunar árið 2018 sýndi svipaða stöðu þar sem enn eru íslenskir nemendur undir viðmiðum í lesskilningi og læsi á náttúruvísindi en marktæka bætingu frá árinu 2015 má sjá í læsi á stærðfræði árið 2018. Niðurstöður PISA könnunar árið 2018 sýndu að nemendur undir viðmiðunarmörkum í lesskilningi fjölgaði úr 17% í 26%. Nemendum fjölgaði því um 9% sem ekki hafa þá grunnhæfni líkt og í skýrslunni segir samkvæmt OECD, til þess að geta „lesið sér til gagns og fróðleiks og tekið fullan þátt í samfélaginu“ (bls. 12). Drengir eru eftirbátar stúlkna því þeim hópi sem ekki getur lesið sér til gagns tilheyrir þriðji hver 15 ára drengur á Íslandi á móti tæplega fimmtungi stúlkna, sem og annar hver innflytjandi. Sé litið til heildarinnar er hlutfall innflytjenda sem ekki búa yfir lágmarkshæfni í lesskilning tvöfalt herra en hjá nemendum af

Íslenskum uppruna. Þessi munur á hæfni nemenda með innlendan og erlendan bakgrunn var árið 2015 lang mestur hér á landi meðal þátttökuríkja OECD, eða 102 stig. Munurinn lækkaði í 74 stig árið 2018 en hefur ekki náð meðaltali OECD landa sem er 43 stig (Menntamálastofnun, 2019).

Borinn var saman námsárangur fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda og samkvæmt niðurstöðum PISA frá árinu 2015 til 2018. Fyrsta kynslóð eru nemendur sem fæddust erlendis og eiga erlenda foreldra og önnur kynslóð eru nemendur sem hafa búið á Íslandi alla sína ævi en eiga erlenda foreldra. Fram kom að þrátt fyrir að önnur kynslóð hafi búið á Íslandi alla sína ævi, nær sú kynslóð litlu meiri árangri í lesskilningi PISA en fyrsta kynslóðin. Samkvæmt því tekst ekki nægilega að koma til móts við þeirra þarfir í námi (Menntamálastofnun, 2019).

Hópur barna sem einnig á til að standa höllum fæti þegar kemur að hefðbundnu námi eru börn með taugabroskaraskanir þar á meðal ADHD. Samkvæmt ADHD-samtökunum (e.d.) er talið að tíðni röskunarinnar sé á bilinu 5 til 10%, það gæti verið allt að tvö til þrjú börn í bekk. Námsferfiðleikar geta fylgt röskuninni þar sem skortur er á einbeitingu og í sumum tilfellum fylgir félagsleg einangrun ásamt kvíða og depurð þar sem þau börn upplifa sig utangátta vegna erfiðleika tengdum röskuninni. Þá er þróun andfélagslegrar hegðunar algeng hjá ungmönnum með ADHD og eru þau börn mun líklegri en önnur til að þróa með sér áfengis- og vímuefnavanda (Lee o.fl., 2011; Zulauf o.fl., 2014). Þess má geta að um helmingur fanga er greindur með ADHD, margir glíma einnig við geðsjúkdóma og eiga sögu um áföll í æsku. Þrátt fyrir að hafa fengið greiningu og meðhöndlun við ADHD í barnæsku höfðu margir þeirra ekki haldist í námi og oft á tíðum endað í neyslu á unglingsárum (Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, 2022). Auknar líkur eru á að börn með ADHD halda ekki áfram í framhaldsskóla.

Samkvæmt Hagstofu Íslands (2022) hefur brotthvarf nemenda á framhaldsskólastigi hér á landi dregist saman frá árinu 2003. Engu að síður flosnuðu 19,9% ungmenna upp úr námi árið 2016, samanborið við 29,6% árið 2003. Árið 2014 var sett fram markmið í Hvítbók um umbætur í menntun um að 60% framhaldsskólanema ætti að brautskrást á tilsettum tíma frá því að hafa verið 44% árið 2011 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Þrátt fyrir framfarir þá var markmiðinu ekki fullnægt þar sem 56% brautskráðust á tilsettum tíma árið 2018 (Hagstofu Íslands, 2020). Þegar brotthvarf framhaldsskólanema er skoðað er ljóst að brotthvarf meðal nemenda af erlendum uppruna er mun algengara en meðal annarra hópa. Þá má sjá að 46% innflytjenda hættu í framhaldsskólanámi árið 2016 á meðan hlutfall þeirra sem voru af íslenskum uppruna og hættu námi í framhaldsskóla var 18% (Hagstofa Íslands, 2022b).

Ástæður brotthvarfs geta vera fjölpættar en í skýrslu menntamálastofnunnar árið 2018 var algengasta ástæða brotthvarfs úr framhaldsskólum andleg veikindi en hjá innflytjendum var helsta ástæðan sú að þeir vildu fara að vinna (Þóra Þórðardóttir, 2020). Þá sýndi rannsókn Kolbeins Hólmars Stefánssonar og Helga Eiríks Eyjólfssonar (2022) fram á að efnahagsleg og félagsleg staða foreldra hefur áhrif á brotthvarf þar sem rúmlega helmingur nemenda sem áttu foreldra með lægri menntun eða tekjur hættu námi og því getur brotthvarf birst vegna ójafnra tækifæra nemenda. Samkvæmt greinargerð Hagstofunnar (2019a) eru innflytjendur með lægri tekjur en innlendir og er líklegra að menntun þeirra beri minna úr bótum sem gæti verið ein skýring ofangreinds fjölda brotthvarfs innflytjenda miðað við nemendur af íslenskum uppruna. Þá voru einstæðir foreldra og foreldrar með örorku einnig þættir sem auka líkurnar á brotthvarfi úr framhaldsskóla. Þörf er því á að vinna með félagslegar aðstæður þeirra nemenda samhliða því að vinna með námserfiðleika þeirra í þeim tilgangi að fyrirbyggja brotthvarf (Kolbeinn Hólmur Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022). Kallað hefur verið eftir því í rannsóknum á námserfiðleikum og brotthvarfi að kerfin vinni saman í þeim tilgangi að geta brugðist þverfaglega við ólíkum þörfum nemenda til að bæta stöðu þeirra til framtíðar. Mikilvægt er að það gerist sem fyrst á grunnskólagöngu barns reynist þess þörf (Kolbeinn Hólmur Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022; Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir og Sigrún Harðardóttir, 2012).

Hlutfall ungmenna sem stunda hvorki nám né eru í vinnu eða starfspjálfun er 6% á Íslandi. Það þýðir að um 2.400 ungmenni á aldrinum 16 til 24 ára voru iðjulaus árið 2018 sem er þó með því lægsta í Evrópu (Hagstofa Íslands, 2019b). Aukin áhætta er fyrir þennan hóp að einangrast bæði félagslega og efnahagslega þar sem atvinnureynsla og þróun á nýrri færni takmarkast (Hagstofa Íslands, 2019; ILO, 2019). Þar af leiðandi eru þessi börn og ungmenni í aukinni hættu á að þróa með sér geðræn vandamál (Reiss ofl., 2019).

Þrátt fyrir að iðjuleysi ungmenna á Íslandi sé ekki hátt borið saman við Evrópulönd þá er fjöldi ungmenna á örorku- eða endurhæfingarlífeyri mun hærra á Íslandi en hjá öðrum Norðurlandþjóðum. Um 5% aldurshópsins 16 til 39 ára hér á landi þiggur örorku- eða endurhæfingarlífeyri borið saman við 2% á hinum Norðurlöndunum. Að hluta má skýra það með því að veittur er varanlegur lífeyrir frá 18 ára aldri á Íslandi á meðan í öðrum löndum eru úrræði sem leggja upp úr að virkja þessa einstaklinga sem ekki eru í námi eða vinnu lengur frameftir aldri áður en veittur er varanlegur lífeyrir (NOSOCO, 2017). Á undanförunum árum hefur hópi örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem ekki eru með meðfædd frávik fjölgað á aldrinum 18 til 39 ára. Í rannsókn Guðnýjar Bergþóru Tryggvadóttur o.fl. (2016) kom fram að helstu ástæður slíkra bóta mátti í 28% tilvika rekja til sjúkdóma tengda stoðkerfinu en í 72% tilvika var um geðsjúkdóma að ræða.

2.2 Geðheilsa

Talið er að 75% geðsjúkdóma séu komnir fram fyrir 25 ára aldur og geta ógnað virkni þeirra einstaklinga á fullorðinsárum (McGorry og Mei, 2018). Samkvæmt úttekt Ríkisendurskoðunar (2022) liggja heildstæðar upplýsingar um tíðni geðsjúkdóma á Íslandi ekki fyrir. Ef miðað er við tíðni geðheilbrigðisvanda á Vesturlöndum má áætla að fimmti hver einstaklingur á Íslandi eigi í hættu á að glíma við geðheilbrigðisvanda einhvern tímann á lífsleiðinni.

Í skýrslu Félagsvísindastofnunar þar sem gerð var úttekt á stöðu ungs fólks með örorku- og endurhæfingarlífeyri kom fram að geðsjúkdómar séu nú algengasta orsök endurhæfingar einstaklinga á Íslandi að mati innlendra ráðgjafa sem hafa langa reynslu í þeim geira. Að mati þeirra var vandi í stoðkerfi einstaklinga helsta ástæða endurhæfingar en í dag er ástæðan fyrir endurhæfingu mun fjölþættari og flóknari. Einstaklingar sem njóta endurhæfingar vegna geðsjúkdóma eiga oft einnig í vanda bæði fjárhagslega og félagslega. Þá sýnir reynslan að umræddur hópur einstaklinga hefur átt í erfiðleikum lengi og fundið fyrir vanlíðan jafnvel síðan í grunnskóla. Algengt er að saga þessa hóps sé sú að hafa ýmist alist upp við lítinn stuðning frá umhverfinu, fátækt, vanrækslu, langvarandi veikindi eða ofbeldi á heimili sínu. Þá er menntun þeirra einnig oft af skornum skammti og reynsla á vinnumarkaði afar takmörkuð (Guðný Bergþóra Tryggvadóttir o.fl., 2016).

Embætti landlæknis (2018) hefur greint frá því að geðheilbrigðisþjónusta barna og ungmenna hér á landi hafi verið ábótavant þar sem hún hefur ýmist verið undirfjármögnuð og ábyrgð þjónustunnar lagalega óskýr. Afleiðing þess hefur verið skortur á heildstæðri þjónustu við börn er glíma við vanda sem tengist geðsjúkdómum og eftirfylgni hennar gagnvart slíkum vanda. Einnig er skortur á að viðeigandi þjónusta sé tryggð og í boði þó svo að lög kveði á um það. Stjórnvöld eru því ekki að uppfylla skyldur sínar um að koma til móts við þörfina sem er til staðar og þar með uppfylla þau ekki 3. gr. laga um það sem barninu er fyrir bestu (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013).

Þörfin fyrir bættu þjónustu er varðar andlega líðan barna og ungmenna er rík hér á landi þegar tölfræði atvika er skoðuð. Þegar tíðni sjálfsvíga er borin saman milli Norðurlandþjóða hjá ungmennum á aldrinum 15 til 19 ára var tíðnin hæst hér á landi, þar sem tíðnin var 9,7 miðað við 100.000 ungmenni á meðan í Danmörk til að mynda var sú tíðni 3,6 (UNICEF, 2020). Samtals höfðu 13 börn á Íslandi undir 18 ára aldri svipt sig lífi frá árinu 2012 til 2021 (Ísland.is, e.d.). Árið 2016 gaf Embætti landlæknis út niðurstöður úr rannsókn á sjálfsvígshugsunum og sjálfsvígstilraunum meðal íslenskra ungmenna. Niðurstöður sýndu að tæplega 1.000 framhaldsskólanemar höfðu gert tilraun til sjálfsvígs, þar af voru 350 drengir og 613 stúlkur. Í ljós kom að þunglyndi og reiði voru tveir helstu áhrifaþættir sjálfsvígshugsana meðal ungmenna í framhaldsskóla (Ingibjörg Eva Þórisdóttir o.fl., 2018). Þá

hafa tilvísanir á BUGL aukist vegna kvíða og þunglyndis og sífelld fleiri eru lagðir inn í bráðainnlögn vegna sjálfsvígshættu (Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, 2021).

Almennt hefur orðið afturför í andlegri heilsu og má það sjá í samanburðarrannsókn Rannsókna og greiningar (2020) sem nær frá árinu 1992 til ársins 2020. Í rannsókninni kemur fram að almennt hafi andlegri heilsu framhaldsskólanema hrakað. Niðurstöður samanburðarrannsóknarinnar sýna að frá árinu 2004 til 2020 hefur þróunin verið sú að sífelld færri framhaldsskólanemendur meta nú andlega heilsu sína góða eða mjög góða ásamt því að fjöldi nemenda sem höfðu fundu fyrir einkennum þunglyndis stundum eða oft jókst frá árinu 2018 til 2020. Þá bera ýmsar félagslegar takmarkanir vegna Covid faraldursins aukna sök á enn frekari aukningu andlegrar vanlíðunar ársins 2020 (Ingibjörg Eva Þórisdóttir o.fl., 2021). Þess ber þó að geta að þróun andlegrar vanlíðunar hefur verið á uppleið frá því fyrir faraldurinn. Ingibjörg Eva Þórisdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2017) benda þá á að ein skýring sé þróun samfélagsins er varðar notkun barna og ungmenna á samfélagsmiðlum með tilheyrandi vanlíðan og minni svefns (Ingibjörg Eva Þórisdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2017).

Vísbendingar eru um að vanlíðan sé að færast neðar í aldurshóp grunnskólanema og þá sérstaklega hjá stúlkum. Í könnun meðal grunnskólanema kemur fram að stúlkur meta andlega heilsu sína verr en drengir gera. Þá hafa einnig fleiri grunnskólanemendur fundið fyrir einkennum vanlíðunar frá árinu 2020 til 2021 (Rannsóknir og greining, 2021). Vanlíðan er einn af þeim þáttum sem ýtir undir skólaforðun en það er þegar barn neitar að mæta í skólann getur það leitt til langvarandi fjarveru þess úr skóla (Berg, 1997). Skólaforðun meðal grunnskólanema hér á landi hefur verið áberandi í almennri umfjöllun undanfarið.

Könnun var lögð fyrir skólastjórnendur allra grunnskóla landsins í þeim tilgangi að kanna skólasókn og þar með skólaforðun. Svör 135 skólastjórnenda af 172 leiddi í ljós að 2,2% nemenda í þeim grunnskólum hafa verið að glíma við skólaforðun en það eru tæplega 1.000 börn á skólaskyldualdri. Helstu ástæður skólaforðunar að mati skólastjórnenda eru kvíði og þunglyndi en einnig telja skólastjórnendur erfiðar heimilisaðstæður skýra skólaforðun að hluta (Maskína, 2019). Nærumhverfi barna eins og heimilisaðstæður getur haft mikil áhrif á líf barna og líðan og því mikilvægt að gripið sé til aðgerða til að styðja við farsæld þeirra til framtíðar.

2.3 Barnavernd

Mikilvægt er að aðstæður í nærumhverfi barna tryggi mannréttindi þeirra. Stjórnvöld og allir þeir sem starfa á sviði barna og standa þeim næst eru meðal þeirra sem eiga að sjá til þess að framfylgja ákvæðum laga um samning Sameinuðu þjóðanna sem gengur út á að tryggja

réttindi barna. Grundvallarákvæði sáttmálans samanstanda af eftirfarandi greinum: Samkvæmt 2. gr. laganna eiga öll börn að vera jöfn óháð stöðu svo sem vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, félagslegrar stöðu, fötlunar eða aðstæðna foreldris. Í 3. gr. er kveðið á um að leiðarljós í málefnum sem snertir barn skuli ávallt vera það sem er því fyrir bestu. Samkvæmt 6. gr. hafa börn meðfæddan rétt á því að lifa og þroskast. Að lokum er það 12. gr. sem vísar til þess að virða eigi skoðanir barna í málefnum sem það varðar þar sem taka á tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska þess (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.; lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 19/2013).

Vegna efnahagsstöðu barnafjölskyldna hafa sum börn ekki aðgang að ýmsum gæðum til að öðlast innihaldsríkt líf og geta ekki tekið fullan þátt í samfélaginu eins og börn sem búa ekki við efnahagslega erfiðleika. Tækifærin eru því ekki þau sömu og það eykur líkur á að keðjuverkun fátæktar myndist og þau börn verði einnig fátæk á fullorðinsárum (Barnaheill, e.d.). Árið 2021 bjuggu 13,1% barna sem bjuggu á heimilum undir lágtekjumörkum miðað við 8,9% allra landsmanna sem bjuggu við slíkar aðstæður. Börn sem bjuggu við efnislegan skort var 4,2% en hlutfall allra landsmanna var 3,7% (Hagstofa Íslands, 2022a). Í skýrslu UNICEF (2021) kemur fram að efnislegur skortur á Íslandi er almennt lítill miðað við önnur lönd í Evrópu. Frá árinu 2014 til 2018 dróst efnislegur skortu barna á Íslandi saman á flestum sviðum. Skortur barna á Íslandi birtist einna helst á sviði tómstunda en tómstundaiðkun er mikilvægur þáttur í alhliða þroska og hæfni barna sérstaklega þeirra barna sem búa við viðkvæma stöðu til að mynda vegna áfalls (UNICEF, 2021). Þá eru börn og fjölskyldur innflytjenda, öryrkja og þeir sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður mun líklegri til að búa við fátækt og félagslega einangrun (Barnaheill, e.d.).

Sífelld fleiri börn upplifa óviðunandi aðstæður í nærumhverfi sínu. Það má sjá í tilkynningum til barnaverndar þar sem tilkynningum hefur fjölgað um 41% frá árinu 2016 til 2020. Heildarfjöldi mála sem tekin voru fyrir í barnavernd árið 2020 vörðuðu 7,8% af heildarfjölda barna á Íslandi, eða 6.449 börn talsins. Þá hefur málum barna af erlendum uppruna fjölgað úr 21% árið 2016 í 24,1% árið 2020.

Tilkynningar til barnaverndar árið 2020 voru flestar vegna vanrækslu eða í 43,2% tilfella. Þá voru 28,5% tilkynninga vegna ofbeldis og 27,1% voru tilkynningar vegna áhættuhegðunar. Þá er eftirtektarvert að tilkynningar vegna áhættuhegðunar hafa verið fleiri en tilkynningar vegna ofbeldis árin 2016 til 2019 en árið 2020 var fjölgun tilkynninga vegna áhættuhegðunar hlutfallslega minnst miðað við tilkynningar á hinum flokkunum (Barnaverndarstofa, 2022). Samkvæmt bráðabirgðatölum lögreglu um börn með stöðu sakbornings í ofbeldismálum fór talan úr 73 upp í 123 frá árinu 2015 til 2022. Á sama tímabili höfðu mál barna sem brotapolar ofbeldis hækkað frá 110 upp í 116. Í kynferðisbrotamálum voru börn með stöðu sakbornings

í 7 málum árið 2015 en 19 árið 2022. Á sama tímabili höfðu mál barna sem brotapolar kynferðisbrota hækkað úr 70 í 78 (Umboðsmaður barna, 2023b).

Þrátt fyrir fjölgun tilkynninga hefur hlutfall tilkynntra mála er leiða til inngripa og meðferðar verið með svipuðum hætti. Það hlutfall var 67% árið 2020 en hæst var það 69% árið 2018 (Barnaverndarstofa, 2022). Því vakna spurningar um hvað verður um þau börn sem ekki hljóta málsmeðferð barnaverndar. Samkvæmt barnaverndarlögum (nr. 80/2020) á að tryggja að öll börn fái þjónustu við hæfi þegar vitað er til þess að þau búi við óviðunandi aðstæður eða þroska og heilsu þeirra er stefnt í hættu.

Nýlegar breytingar á lögum um barnavernd kveða á um að pólitískt skipaðar barnaverndarnefndir leggist af og við taki ný barnaverndarþjónusta sveitarfélaga með fagþekkingu til að sinna verkefnum sínum. Þá var einnig innleidd sú breyting að í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu skulu vera að lágmarki 6.000 íbúar og sérstakt undæmisráð sem er skipað þremur ráðsmönnum félagsráðgjafa, sálfræðingi og lögfræðingi. Með breytingunum er einnig sett í lög að barn skuli fá að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og í niðurstöðu máls skal vera skýrt hvernig tillit var tekið til skoðana barnsins (lög um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002). Fyrri skipan og smæð sveitarfélaga gat komið niður á velferð barns eins og nýlegt dæmi frá Seltjarnarnesi sýnir. Þar sýna gögn að barnaverndarnefndin hafi verið upplýst um vanrækslu og vanda barns í mörg ár án þess að taka á málinu. Móðir stúlku hafi verið með forræði yfir henni á meðan hún glímdi við geðhvarfasýki og áfengisvanda. Þá hafi stúlkan orðið fyrir vanrækslu og ofbeldi allt sitt líf. Hún hafði sjálf eitt sinn leitað til barnaverndar en það var ekki fyrr en nýr starfsmaður tók til starfa hjá barnaverndarnefnd Seltjarnarness að gripið var til ráðstafana og stúlkan var tekin út úr aðstæðunum (Nadine Guðrún Yaghi, 2019a). Vísbindingar voru um að pólitískar- og fjölskyldutengingar við móður hafi verið orsök þess að ekki var aðhafst í málinu (Nadine Guðrún Yaghi, 2019b). Slík tilvik er visst ákall um að standa faglega að skipun barnaverndarnefnda.

Ljóst er að vandi velferðarkerfis barna er talsverður og mikilvægt að gera betur í þjónustunni. Skortur á þjónustu við börn og foreldra í kerfinu hefur í sumum tilfellum gengið svo langt að dæmi eru um að foreldrar hafa sjálfir tilkynnt sig til Barnaverndar í þeim tilgangi að fá þá þjónustu sem barnið þarfnast líkt og nýlegt blaðaviðtal gefur til kynna. Þar sem biðin í greiningu hefur aukist til muna á síðustu árum (Elísabet Inga Sigurðardóttir og Lillý Valgerður Pétursdóttir, 2023). Þá hefur það verið þannig að þjónustuveitendur veita börnum þjónustu á forsendum greiningar þar sem aukið fjármagn er veitt skólum til sérstaks stuðnings vegna greininga (Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, 585/2010).

2.4 Biðlistar, greining og þjónusta

Viðvarandi biðlistar eftir greiningu og þjónustu eru hjá mörgum stofnunum og lítil merki um að það takist að stytta þá að óbreyttu eins og sjá má í samantekt Umboðsmanns barna (Umboðsmaður barna, 2023a). Afleiðingar þess eru að börn og foreldrar þeirra bíða mánuðum og jafnvel árum saman eftir nauðsynlegri þjónustu. Alvarleiki þeirrar stöðu sem er uppi sést glögg á þeim gögnum sem birtast almenningi reglulega og í umfjöllun fjölmiðla um stöðu einstakra barna í kerfinu.

Umboðsmaður barna (2023a) hefur staðið fyrir söfnun upplýsinga frá árslokum 2021 um fjölda barna sem bíða eftir þjónustu. Stofnunin hefur frá þeim tíma birt samantekt á biðtíma eftir þjónustu hjá tilteknum þjónustuaðilum í hinum ýmsu opinberu greiningar- og þjónustukerfum sem fram koma hér að neðan. Á meðal þeirra sem veita slíka þjónustu eru Geðheilsumiðstöð barna og Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins sem eru helstu greiningaraðilar ríkisins.

Hlutverk Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins er að sinna greiningu, ráðgjöf og úrræðum í þeim tilgangi að bæta lífsgæði barna með alvarlegar þroskaskerðingar sem geta valdið fötlunum seinna meir svo sem einhverfa, þroskahömlun og hreyfihömlun. Áður en kemur til þess að barni er vísað til Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins er nauðsynlegt að búið sé að meta þroska þess og færni og tilvísun berst frá læknum eða öðrum sérfræðingum (Ráðgjafar- og greiningarstöð, e.d.). Tilvísunum til Ráðgjafar- og greiningarmiðstöðvar fjölgaði árið 2021 þar sem heildarfjöldi tilvísana var 424 miðað við 301 árið 2020 en árið 2019 voru tilvísanir 350. Af tilvísunum árið 2021 áttu 34% barnanna annað eða báða foreldra af erlendum uppruna. Þá voru 47 tilvísanir sem bárust árið 2021 vegna endurkomu eða hafði verið vísað frá áður vegna þess að gögn voru ófullnægjandi. Eftir yfirfærslu tilvísana voru um 10% eða 42 af heildar tilvísunum vísað frá, þar sem börnin tilheyrðu ekki markhópi stöðvarinnar eða voru með ófullnægjandi frumgreiningu. Þegar Ráðgjafar- og greiningarmiðstöðin vísar tilvísunum frá, veitir hún þeim sem tilvísaði ábendingar um hvernig þjónusta í nærumhverfi barnsins geti brugðist við þörfum þess. En afgreiðslu tilvísana getur þó einnig verið háttáð þannig að ráðgefandi álit er veitt eða aðkoma stofnunarinnar staðnæmist og barn situr því eftir úrræðalaust (Ráðgjafar- og greiningarstöð, 2022).

Mörg börn og fjölskyldur sem eru skráð á biðlista hjá Ráðgjafar- og greiningarstöðinni fá ráðgjöf og íhlutun hjá stöðinni þó svo að greining liggi ekki fyrir. Þá eru vísbendingar um að börn sem ekki fá þar þjónustu fái íhlutun í umdæmi sínu á meðan. Ráðgjafar- og greiningarstöð fékk sérstaka fjárveitingu á fjárlögum upp á 80 milljónir króna á árinu 2022 til að koma til móts við úrvinnslu biðlista. Hluti af fjármagninu var notaður til styttingar á

biðlistum og stytta nokkuð biðlistann fyrir börn á yngri barna sviði á aldrinum 2 til 6 ára (Ráðgjafar- og greiningarstöð, 2022).

Þrátt fyrir styttingu biðlistans er hann enn langur þar sem meðalbiðtími yngri barna er 16,8 mánuðir sem er rúmlega einum mánuði lengri en eldri barna. Í febrúar 2023 biðu 420 börn eftir greiningu. Af þeim höfðu 326 börn beðið lengur en í 3 mánuði og tilheyrði meirihluti þeirra yngri barna sviði (Umboðsmaður barna, 2023b). Ef staða biðlista er skoðuð aftur í tímann hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð virðist staðan lítið hafa breyst. Í svari ráðherra við fyrirspurn um biðtíma hjá stofnuninni kemur fram að árið 2017 var algengur biðtími 10 til 17 mánuðir en árið 2020 var algengur biðtími 13 til 24 mánuðir (Ásmundur Einar Daðason, 2021b).

Geðheilsumiðstöð barna er annað úrræði sem sinnir einnig greiningu og ráðgjöf sem og meðferð við geð- og þroskavanda barna og unglunga. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins stendur fyrir þessu nýja heildarúrræði fyrir börn og fjölskyldur um allt land. Miðstöðin sameinar þjónustu sem veitt hefur verið hingað til af Þroska- og hegðunarstöð, Geðheilsuteymi Fjölskylduvernd og meðferðarteymi fyrir börn og unglunga (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, e.d.). Samantekt Umboðsmanns barna frá því í febrúar 2023 sýnir að 1.157 börn bíða eftir greiningu hjá stofnuninni. Börnin höfðu öll beðið lengur en þrjú mánuði en meðalbiðtíminn var 12-14 mánuðir á meðan meðalbiðtími eftir einhverfugreiningu var 22-24 mánuðir. Samkvæmt samantektinni í desember 2021 biðu 738 eftir greiningu sem sýnir töluverða fjölgun þar sem 419 fleiri börn biðu eftir greiningu í febrúar 2023 (Umboðsmaður barna, 2023b).

Í desember 2021 var 3.701 barn skráð á biðlista eftir þjónustu talmeinafræðinga. Þá höfðu flest eða 30% barna beðið í 0 til 6 mánuði eftir þjónustu en 11% höfðu beðið lengur en 2 ár (Umboðsmaður barna, 2023b). Í fyrirspurn á Alþingi í janúar 2022 komu fram áhyggjur af biðlistum eftir talmeinafræðingi og vísað var til viðtals við foreldra. Móðir sagði frá því að þriggja ára sonur þeirra með málþroska á við 18 mánaða gamalt barn var farið að sýna kvíðaeinkenni og hegðunarvanda vegna skorts á tjáningu. Þeim var einfaldlega sagt að bíða þar sem biðin væri allt upp í tvö ár eftir þjónustu hjá talmeinafræðingi. Önnur móðir var með dóttur sína á þó nokkrum biðlistum en biðin var einnig tvö ár og var henni sagt að dóttirin væri nr. 723 í röðinni á einni af stofnununum (Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2022).

Upplifun á þjónustu við börn er víðar ábótavant. Þannig upplifa foreldrar fatlaðra barna skert aðgengi og upplýsingaflæði í kerfinu. Þeir telja þörf á betra utanumhaldi á þjónustunni í þeim tilgangi að hafa heildarsýn yfir hana. Mörg fötluð börn og foreldrar þeirra hafa verið þjónustunotendur kerfisins frá upphafi og því ætti að vera hægt að halda betur utan um þjónustuna þegar breytingar verða til að auðvelda flutning upplýsinga milli aðila. Það á til að

mynda við um flutning á milli skóla til að koma megi í veg fyrir óþarfa bið eftir þjónustu (Agða Ingvarsdóttir og Tinna Björg Sigurðardóttir, 2015).

Yfirferðin hér að framan sýnir glögg að vanda má finna víða í námi, geðheilsu, fjölskyldu- aðstæðum og biðlistum í þjónustu. Þar sem staða barna í námi og andleg líðan þeirra hefur versnað ásamt fjölgun á óviðunandi fjölskylduaðstæðum. Langir biðlistar eru hjá stofnunum sem sinna mikilvægri þjónustu sem mörg börn þurfa á að halda og má því segja að brotalamir séu víða í kerfinu.

3 Farsældarlögin

Ljóst er að breytinga er þörf til að koma til móts við þann vanda sem listaður er hér að ofan. Von er um að svarið liggi í hinum nýju lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem hér eftir verður ýmist talað um sem farsældarlögin. Í þessum kafla beinist umfjöllunin að aðdraganda og gerð farsældarlaganna. Þar á eftir verður ákvæðum farsældarlaganna og þar með þeirri þjónustu sem þau kveða á um gerð skil. Auk þess verður farið yfir hugtakið snemmtækur stuðningur sem er rauði þráður laganna. Að lokum verður farið yfir efnahagslega arðbærni laganna.

3.1 Upphaf víðtækrar vinnslu laganna

Formlegt upphaf vinnslu farsældarlaganna má rekja til 8. maí árið 2018 þegar haldin var opin ráðstefna og vinnufundur sem bar heitið Snemmtæk íhlutun í málefnum barna á Íslandi. Þar komu saman Ásmundur Einar Daðason þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra ásamt hagsmunaaðilum barna frá öllum helstu stofnunum og félagasamtökum, þar á meðal Þroska- og hegðunarmiðstöð (nú Geðheilsumiðstöð), Ráðgjafar- og greiningarstöð, Umboðsmaður barna, Barnaheill og UNICEF, auk ýmissa sérfræðinga og fagfólks í málefnum barna til að móta nýja stefnu í málaflokki barna. Þar ávarpaði Ásmundur hópinn og sagði “að jafnvel þó við séum að gera margt gott þá erum við oft og tíðum alltof mikið að slökkva elda frekar heldur en að grípa inn í þegar það kemur að málefnum barna” (Ásmundur Einar Daðason, 2018, án bls.). Á fundinum var samhljómur um að þörf væri á róttækum breytingum í velferðarkerfinu þegar kemur að þjónustu við börn. Þörf væri á heildrænni stefnu þar sem þverfagleg kerfi sem þjónusta börn og fjölskyldur ynnu saman að hagsmunum barna. Í framhaldi ráðstefnunnar skrifuðu fimm ráðherrar undir viljayfirlýsingu um að brjóta múra milli kerfa, bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag (þingskjal nr. 440/2020–2021). Í kjölfarið byrjaði boltinn að rúlla.

Tekin voru viðtöl við Ásmund þar sem hann skýrði frá sinni sýn á málaflokkinn. Málefni barna hafa verið Ásmundi mjög hugleikin þar sem hann sjálfur upplifði erfiðar aðstæður í æsku sem hafa vegið þungt á herðum hans og fylgt honum inn í fullorðinsárin. Þegar Ásmundur kom til starfa í félagsmálaráðuneytið vildi hann veita málefnum barna sérstakan sess (Guðrún Hálfánardóttir, 2020).

Í starfi sínu sem félagsmálaráðherra birtust honum erfiðar sögur einstaklinga sem höfðu ýmist leitað sér aðstoðar vegna áfengis- og vímuefnaneyslu eða setið af sér fangelsisvist. Oftar en ekki einkenndist æska þeirra af áföllum og þar tengdi Ásmundur við þau og gerði sér grein fyrir að þetta hefðu alveg eins getað orðið örlög hans. Þegar kemur að gatnamótum í lífinu segir Ásmundur það ekki gefið að maður rati á rétta braut eins og hann

sjálfur upplifði þó nokkrum sinnum. Eftir að hafa verið starfandi félags- og jafnréttisráðherra sótti Ásmundur því fast að fá að taka upp titilinn barnamálaráðherra. Hann hafði einbeittan vilja til að gera kerfisbreytingar í þágu allra þeirra barna sem þurfa að treysta á kerfið þar sem yrði hægt að grípa inn í krefjandi aðstæður í þeirri von að geta fækkað þeim „börnum sem ganga um með stein í maganum og hjálpað þeim sem standa á gatnamótum í lífinu að velja rétta leið“ (Guðrún Hálfðánardóttir, 2020, hlutinn Hjálpa þeim að velja rétta leið; Ásmundur Einar Daðason, 2021a).

Samráðsferli við vinnu stefnunnar var mjög umfangsmikið og víðtækt, þar sem að stór hópur eða yfir 1000 manns leikinna og lærðra unnu saman að stefnumótun sem lögin byggja á (Ásmundur Einar Daðason, 2020). Árið 2019 hvatti Ásmundur, þá orðinn félags- og barnamálaráðherra, fólk um allt land til að taka þátt í hliðarhópum á opnum fundum. Hóparnir sem ýmist voru skipaðir fulltrúum stjórnvalda, fagfólki og notendum, þar á meðal foreldrum og ungmennum, fengu þar með tækifæri að leggja orð í belg um málefni barna í þágu yfirstandandi vinnu. Í lok samráðsins var farið yfir tillögur og sjónarmið hópanna innan veggja félagsmálaráðuneytisins (þingskjal nr. 440/2020–2021).

Í kjölfar þessa umfangsmikla samráðs boðaði félags- og barnamálaráðherra til opinna ráðstefnu sem bar nafnið Breytingar í þágu barna og var það gert í samvinnu við Landssamband ungmennafélaga. Kynntar voru niðurstöður samráðsins á ráðstefnunni þar sem meðal annars kom fram „ákall um aukna áherslu á snemmtækan stuðning, afnám hindrana við aðgang að þjónustu og aukið samtal á milli þjónustukerfa“ og kynntar fyrstu tillögur að lagabreytingum (Stjórnarráð Íslands e.d., hlutinn Afurð víðtæks samráðs, efnisgrein 4). Hafist var handa við að vinna drög að frumvarpinu í kjölfar ráðstefnunnar sem unnið var í sameiginlega af þingmannanefnd frá Alþingi og stýrihópi Stjórnaráðsins í málefnum barna. Samhliða var einnig fundað markvisst með Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Meðan á vinnunni stóð var lagt upp úr því að endurskoða hana að teknu tilliti til umsagna hliðarhópanna á drögum frumvarpsins. Drögin voru síðar birt í samráðsgátt stjórnvalda í lok maí 2020 til að gefa almenningi tækifæri til þess koma að málinu. Að lokum var farið yfir verkferla frumvarpsins þar sem starfsmenn úr ólíkum sveitarfélögum skólastiganna þrígga, heilsugæslu, félagsþjónustu og barnavernd lögðu til málanna (þingskjal nr. 440/2020–2021). Við vinnslu frumvarpsins var fyrirkomulag nágrannaþjóða hvað varðar þjónustu við börn einnig skoðað. Sérstaklega var litið til skosku stefnumótunarinnar Getting it right for every child (GIRFEC) sem fyrirmyndar við gerð frumvarpsins (þingskjal nr. 440/2020–2021).

GIRFEC var lagt fram árið 2006 og er stefna skosku ríkisstjórnarinnar um að veita börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu við hæfi og eftir þörf. Þetta er gert í þeim tilgangi að

börn og ungmenni í Skotlandi öðlist jöfn tækifæri til þess að hámarka möguleika hvers og eins til velferðar (Scottish Government, 2022). Ákveðið var að gera breytingar á heildarþjónustu barna þar sem áhyggjur höfðu vaknað um það að viðeigandi þjónusta væri ekki alltaf aðgengileg börnunum sem á henni þyrftu að halda. Hagaðilum í Skotlandi var ljóst að fjölbættar þarfir og væntingar barna, ungmenna og fjölskyldna yrðu ekki uppfylltar af einni stofnun. Þar með var lagt til að samþætta þjónustu barna þannig að stofnanir og fagfólk gætu unnið saman og yrðu gerð ábyrg á að styðja við snemmtæka íhlutun á þroska og velferð barnsins (Coles o.fl., 2016; Scottish Government, 2022).

GIRFEC er byggð á gagnreyndum aðferðum og er alþjóðlega þekkt stefna, þar sem unnið er út frá því að velferð barna og fjölskyldna er hjarta kerfisins. Þar sem mikilvægt er að kerfin tali saman og hverfist í kringum barnið. Áherslan er á velferð þess sem nýtur, sveigjanleika í samþættri þjónustu teyma og að sá stuðningur sem veittur er og telst nauðsynlegur, sé í boði eins lengi og þörf krefur. Sú hugmyndafræði sem GIRFEC grundvallast á er kjarninn í stefnu skoskra stjórnvalda. Viðeigandi stofnanir stjórnsýslunnar hafa sameinað umgjörð sína og þjónustuferla til þess að hægt sé að greina og þar með sinna velferð barna og ungmenna á fyrri stigum (The Scottish Government, 2022). Í Skotlandi er almenn ánægja með þá hugmyndafræði sem GIRFEC byggir á. Þjónustan hefur reynst farsæl og skilað árangri fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Þessi jákvæðu áhrif GIRFEC hafa gert mörgum þjónustuveitendum kleift að veita aðstoð og stuðning á fyrri stigum (Brock og Everingham, e.d.; Care inspectorate, e.d.). Eins og áður sagði var GIRFEC innblástur við vinnu við samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna á Íslandi.

3.2 Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Þann 9. desember 2020 mælti Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, fyrir frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Samhliða mælti ráðherra fyrir frumvarpi til laga um Barna og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála sem tengjast heildarlögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Talið var að með þessari nýju löggjöf væri verið að brjóta blað í málefnum barna, þar sem lagt væri til að ráðast í stærstu kerfisbreytingu í málefnum barna í seinni tíð (Ásmundur Einar Daðason, 2020a; Styrmir Gunnarsson, 2021). Frumvarpið kvað á um að markmið lagasetningar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, væri til þess fallið að búa umgjörð í lögum þar sem barnið er í forgrunni og stuðlað er að samvinnu þvert á þjónustukerfi. Með þessu móti er hægt að veita óhindraðan aðgang að þjónustu þegar þörf krefur. Hugmyndin um tilurð nýrrar lagasetningar um samfellu þjónustukerfa var að auka skilvirkni þjónustunnar sem veitt er nú þegar í stað þess að koma ákvæðum frumvarpsins inn í gildandi lagabálka einstakra þjónustukerfa (þingskjal nr. 440/2020–2021).

Þessi víðtæka vinna skilaði árangri 22. júní 2021 þegar frumvarp laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eða farsældarlaganna voru samþykkt á Alþingi. Löggin setja þann ramma sem málaflokknum er ætlað að starfa innan og skilgreinir þá þjónustu sem ber að veita til að stuðla að farsæld barna. Í 1. gr. laganna segir að „meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana“ (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Löggin ná til allrar þjónustu sem veitt er börnum og foreldrum innan skólakerfisins, heilbrigðiskerfisins, barnaverndar, félagsþjónustu, þjónustu við fötluð börn og lögreglu, ásamt öðrum sem vinna með börnum, þar á meðal íþróttá- eða æskulýðsfélög. Því ber þjónustuveitendum skylda samkvæmt lögum að vinna saman að samfelli í þjónustu við börn og notast við gagnreynda þekkingu. Þeir bera aukna ábyrgð þar sem þeir eru skyldugir til að fylgjast með framvindu barna og ef þörf vaknar fyrir þjónustu barna og foreldra skulu þeir bregðast við á skilvirkan hátt til að stuðla markvisst að velferð og farsæld barna (Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021).

Löggin kveða á um þrískipta þjónustu sem þjónustukerfin samræmast um í þágu barna þar sem leiðarljósið er ávallt farsæld barna. Fyrsta stig þrískiptu þjónustunnar felur í sér alla grunnþjónustu sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Tilheyrandi úrræði fyrsta stigs veitir einstaklingsbundinn og snemmtækan stuðning. Stuðningurinn er veittur eftir frummati á þörfum barnsins sem markvisst er fylgt eftir (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Oft á tíðum er þjónusta fyrsta stigs veitt tímabundið og krefst einstaklingsbundinnar þjónustu umfram almenna grunnþjónustu. Dæmi um áskoranir sem taka þarf tillit til með slíkri þjónustu eru heilsufar, þroski, hegðun, skólasókn, einelti, félagslegar aðstæður og ýmsar áskoranir sem geta fylgt fjölskyldum (Anna Tryggvadóttir og Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, 2021).

Tilheyrandi úrræði á öðru stigi þjónustu veitir einstaklingsbundinn og markvissari stuðning. Faglegt mat og frumgreining segir til um þarfir barnsins og í kjölfarið er veittur markviss stuðningur sem grundvallast á stuðningsáætlun um samþætta þjónustu (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Þjónustuveitendur á öðru stigi eru tveir eða fleiri þar sem þjónustan er umfangsmeiri og fjölbreyttari en á fyrsta stigi. Þar með er mikilvægt að þjónustan sé samþætt í þeim tilgangi að hægt sé að mæta barninu. Litið er til þjónustu á öðru stigi ef fyrsta stigs úrræði hefur ekki borið árangur eða þegar ekki er séð fram á að það muni bera árangur. Annars stigs þjónusta getur bæði verið veitt tímabundið til skemmri tíma en einnig getur verið um langtíma þjónustu að ræða. Þjónusta annars stigs er ýmist veitt vegna heilsufarslegra, námslegra eða félagslegra áskorana (Anna Tryggvadóttir og Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, 2021).

Tekið er til þriðja stigs þjónustu þegar farsæld barns stefnir í hættu. Þá er tilheyrandi úrræði veitt í formi einstaklingsbundins og sérhæfðari stuðnings. Ítarlegt mat og greining segir til um þarfir barnsins og í kjölfarið er veittur sérhæfður stuðningur sem grundvallast á stuðningsáætlun um samþætta þjónustu (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Úrræði á þriðja stigi kemur til sögunnar þegar fyrsta og annað stig hefur ekki borið árangur eða mun ekki bera árangur í máli barns. Þörfin fyrir þjónustu á þriðja stigi er talin mjög brýn þar sem afleiðingar skorts á viðeigandi stuðningi og úrræðum geta verið alvarlegar og jafn vel ógnað heilsu og þroska barnsins. Líkt og á öðru stigi þjónustu getur þjónusta á þriðja stigi verið veitt tímabundið eða til langs tíma, en skortur á stuðningi á þriðja stigi getur haft í för með sér mun alvarlegri afleiðingar. Þær áskoranir sem börn mæta þegar þörf er á þriðja stigi þjónustu krefst þjónustu á borð við vistunarúrræði á grundvelli barnaverndarlaga eða umfangsmikils og fjölpætts stuðnings við fötluð börn (Anna Tryggvadóttir og Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, 2021).

Samkvæmt lögnum skal veita öllum börnum og foreldrum aðgengi að tengilið eða málstjóra þegar þörf er á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Meginmarkmið tengiliða og málstjóra er að veita börnum og foreldrum aðgang að samþættri þjónustu sem hæfir þörfum þeirra hindranalaust. Leiðarljós tengiliða og málstjóra eru ávallt hagsmunir barnsins og skulu þeir rækja samstarf sitt við barn og foreldra þar sem þeir starfa að samþættingu þjónustu eftir beiðni barns eða foreldra. Tengiliður skal vera aðgengilegur börnum og foreldrum við samþættingu fyrsta stigs þjónustu. Hlutverk hans er að upplýsa barn og foreldri um þjónustuna, tryggja barni frummat á þörfum, skipuleggja samþættingu á þjónustu á fyrsta stigi og fylgja henni eftir, veita sveitarfélögum upplýsingar ef þörf krefur ásamt því að taka þátt í stuðningsteymi þegar við á. Tengiliður er starfsmaður á heilsugæslustöð eða heilbrigðisstofnun í umdæmi barns þar til barn hefur nám í skóla. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- og framhaldsskóla er tengiliður starfsmaður þess skóla. Ef það á ekki við um viðkomandi barn er tengiliður starfsmaður félagsþjónustu sveitarfélags barnsins. Til þess að tengiliður uppfylli hlutverk sitt og samfella sé tryggð verður fyrri tengiliður barns að miðla nauðsynlegum upplýsingum um barnið til nýs tengiliðs þegar umskipti á tengiliðum verður svo tryggja megi bestu mögulegu þjónustu (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021; Reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna nr. 1180/2022).

Þegar kemur að þjónustu barna og foreldra á öðru og þriðja stigi skal viðeigandi málstjóri taka við málinu. Málstjórinn er tilnefndur af sveitarfélagi barnsins og er hlutverk hans að upplýsa börn og foreldra um þjónustuna og veita ráðgjöf, tryggja mat á þörfum og

greiningu barns, ábyrgjast gerð og eftirfylgni á stuðningsáætlun og leiða stuðningsteymi, ásamt því að veita ráðgjöf og upplýsa teymið um þjónustuna. Stuðningsteymi stofnar málstjóri sem samanstendur af fulltrúum þeirrar þjónustu sem barnið þiggur þjónustu frá. Stuðningsteymi gerir stuðningsáætlun samkvæmt samþættingu þjónustu barnsins. Teymið vinnur saman að framkvæmd hennar ásamt því að endurmeta þörfina og því að áætla og samþætta þjónustu eftir að barn nær fullorðinsárum (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021; Reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna nr. 1180/2022). Með löggjöfinni er stutt við skuldbindingu stjórnvalda við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem markvisst er stuðlað að því að grundvallar ákvæði samningsins sé fylgt (þingskjal nr. 440/2020–2021).

3.3 Snemmtækur stuðningur

Á undanförnum árum hefur verið aukinn alþjóðlegur áhugi, þar á meðal á Íslandi, á notkun snemmtækrar íhlutunar í þeim tilgangi að tryggja bætta líðan barna (Coles o.fl., 2016; þingskjal nr. 440/2020–2021). Hægt er að skilgreina hugtakið snemmtæk íhlutun á marga vegu en í grunninn vísar það til þess þegar höfð eru áhrif á þroskaframvindu barna sem fyrst á lífsleiðinni eftir að borin hafa verið kennsl á frávík (Tryggvi Sigurðsson, 2003). Í frumvarpinu er vísað til hugtaksins snemmtækur stuðningur til lýsingar á úrræðum farsældarlaganna þar sem markmið þeirra er að veita börnum og fjölskyldum aðstoð þegar þörf er á. Hugtakið snemmtækur stuðningur þótti meira viðeigandi og falla betur að markmiðunum en hugtakið snemmtæk íhlutun en af orðalagi laga má dæma að snemmtækur stuðningur vísi til áþekkrar skilgreiningar og snemmtæk íhlutun. Með farsældarlögum eru stjórnvöld að svara ákalli um að hlúa betur að börnum í þeim tilgangi að þeim farnist vel til framtíðar. Sérstaklega var kallað eftir því að snemmtækur stuðningur tæki pláss í lögum frekar en síðari inngrip (þingskjal nr. 440/2020–2021).

Rannsóknir hafa fyrir löngu rennt stoðum undir mikilvægi fyrstu áranna í lífi einstaklings upp á heilsu og þroska þess síðar meir. Þar sem mótun heilans verður rótgróin með árunum er auðveldara og skilvirkara að hafa áhrif á uppbyggingu heilans sem fyrst, þegar hann er enn að þroskast og er opinn fyrir áhrifum umhverfisins, þessi áhrif takmarkast þegar líður á fullorðinsár (Center on the Developing Child, 2007; Sæunn Kjartansdóttir, 2010). Ef notast er við snemmtækan stuðning líkt og farsældarlögin kveða á um, má búast við að þeim tilfellum þar sem vandi hefur fengið að ágerast og þar með að öllum líkindum orðinn erfiðari viðureignar muni fara fækkandi (þingskjal nr. 440/2020–2021). Það má því segja að snemmtækur stuðningur sé rauði þráður farsældarlaganna þar sem áherslan er á þverfaglegt samstarf þjónustuveitenda barna. Þetta er lykilatriði til þess að tryggja að

börnum og fjölskyldum þeirra sé veitt hjálparhönd um leið og vægur vandi gerir vart við sig (þingskjal nr. 440/2020–2021).

3.4 Efnahagsleg arðbærni laganna

Rannsóknir hafa sýnt fram á hagkvæmni þess að beita snemmtækri þjónustu frekar heldur en að grípa inn í seinna á lífsleiðinni enda getur umhverfi barna og aðstæður haft margvísleg langtíma áhrif á þau. Til að mynda geta þær haft áhrif á heilsu, námsárangur, atvinnu og afbrot á unglings- og fullorðinsárum (Heckman, 2006; Rea og Burton, 2020) en um slík atriði var fjallað í kafla 2 hér að framan.

Þó svo að efast megi um siðferðilega réttlætingu þess að notast við fjárhagslegan mælikvarða til mála sem snerta velferð, þá er meðal annars gerð krafa samkvæmt 66. gr. laga um opinber fjármál (nr. 123/2015) að mat sé framkvæmt á fjárhagslegum áhrifum stjórnarfrumvarpa áður en þau eru lögð fyrir. Við undirbúning að gerð frumvarpi farsældarlaganna var því fenginn utanaðkomandi ráðgjafi til að leggja mat á fjárhagsleg og hagræn áhrif þeirra.

Til þess að hægt sé að meta farsæld til fjár þá er best að líta til frávika og fjárhagslegra afleiðingar þeirra. Við greiningu á mati ráðgjafans var til stuðnings litið til Adverse Childhood Experiences (ACE) rannsóknar Dr. Vince Felitti. Sú rannsókn gengur út á það að rannsaka tengsl og áhrif áfalla í barnæsku á andlega og líkamlega heilsu á fullorðinsárum. Slík rannsókn hefur ekki áður verið gerð hérlendis. Áföll í æsku og afleiðingar þeirra er aðferðafræði sem oft er litið til í þeim tilgangi að meta farsæld barna, ásamt því að áætla kostnað þess fyrir samfélagið og hið opinbera (Björn Brynjúlfur Björnsson, 2020; þingskjal nr. 440/2020–2021).

Þörf á þjónustu frá hinu opinbera á fullorðinsárum vegna áfalla í barnæsku leiðir til aukins kostnaðar hins opinbera í formi aukinna útgjalda og tilfærslna í kerfinu og þar af leiðandi lægri skatttekna. Útgjöldin birtast í auknu álagi á heilbrigðis- og félagslegri þjónustu og á mennta- og réttarvörslukerfið. Tilfærslur á fjármunum ríkis og sveitarfélaga birtast í auknum örorku- og félagslegum bótum og tekjur ríkisins skerðast einnig vegna minni skatttekna. Samkvæmt úttektinni og matinu má áætla að viðbótarkostnaður hins opinbera geti numið allt að 100 milljörðum á ári vegna áfalla í barnæsku (Björn Brynjúlfur Björnsson, 2020).

Þegar Ásmundur mælti fyrir farsældarlögunum kom fram að fjárfesting í nýrri stefnu er varðar velferð barna sé það arðbær íslensku samfélagi að hún samsvarar fjárfestingum samfélagsins í Kárahnjúkavirkjun og Keflavíkurflugvelli (þingskjal nr. 440/2020–2021; Ásmundur Einar Daðason, 2020a). Þá vildi Ásmundur meina að fjármagni ríkisins væri ekki vel

varið til framtíðar með þeim plástralækningum sem ættu sér stað í kerfinu. Að mati hans dygði ekki einungis að verja fjármagni í að létta á þjónustu við börn eða minnka biðlista. Það þyrfti einfaldlega að ráðast í þær kerfisbreytingar sem boðaðar væru, þar sem meiri áhersla væri lögð á að grípa börnin fyrr í þeim tilgangi að minnka álag og draga úr kostnaði kerfisins til lengri tíma litið (Ásmundur Einar Daðason, 2020b).

Áhrif fyrirbyggjandi aðgerða með snemmtækum stuðning sýnir að mælanlegur ávinningur þess samkvæmt matinu birtist í aukinni seiglu barna og fækkun á áföllum. Áætlað er að 2.500 börn upplifi áföll á hverju ári og eiga auknar forvarnir og snemmtækur stuðningur sem lögin kveða á um að fækka þeim fjölda sem upplifir áföll um 175 börn. Aukin seigla barna vegna samþættrar þjónustu og sterkara skólaumhverfis, á að fækka þeim 350 börnum sem áætlað er að í dag nái ekki að vinna úr áföllum sínum og munu glíma við afleiðingar vegna þess í 303 börn. Þar með myndu skatttekjur hækka og útgjöld lækka til þeirra kerfa sem þau börn hefðu annars þurft að styðja sig við á seinni árum (Brynjúlfur Björnsson, 2020; þingskjal nr. 440/2020–2021).

Ljóst er að kostnaður við innleiðingu og framkvæmd stefnunar vegur hærra en ávinningur þess fyrstu árin. Síðar má sjá fram á hagræðingu þegar stigskiptingu þjónustu hefur verið komið á og fyrsta stig þjónustu hefur vaxið og eflst. Þá má búast við minni þörf fyrir dýrari og flóknari þjónustuúrræðum á öðru og þriðja stigi (þingskjal nr. 440/2020–2021). Þá er áætlað að ávinningur í skólakerfinu muni skila sér strax árið 2030 þar sem börnum er eiga þar í erfiðleikum muni fækka og fjárhagslegur ávinningur þá nema 1 milljarði króna og þaðan af fara hækkandi. Ef allt gengur eftir mun árlegur ávinningur hins opinbera nema rúmum 10 milljörðum á föstu verðlagi árið 2070 þegar þau börn sem bjuggu alla sína æsku við betri þjónustu koma út á vinnumarkaðinn (Björn Brynjúlfur Björnsson, 2020). Í samhengi við þetta hefur Ásmundur fullyrt að „í mjög einföldu máli er ljóst að fjárfesting í betri þjónustu við börn og fjölskyldur er arðbær langtímafjárfesting þar sem björt framtíð barns vegur mun þyngra en útgjaldaaukning vegna bættrar þjónustu síðar á lífsleiðinni“ (Guðrún Hálfðánardóttir, 2020).

Eins og sjá má er víðtæk vinna allra þeirra sem komu að lögunum að baki og ný umgjörð um þjónustukerfi barna hefur verið skilgreind og fest í lög. Áherslan er lögð á að kerfin vinni betur saman og að ná að grípa börn sem fyrst, það muni auka líkur á farsæld þeirra og einnig dregið úr þörfinni fyrir flóknari og dýrari þjónusta til framtíðar.

4 Umræður og lokaorð

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eða farsældarlögin eru metnaðarfull fyrirheit um breytingar á velferðarkerfi barna sem ætlað er að stuðla að farsælli framtíð barna. Markmið þessarar rannsóknarritgerðar var að kanna hvar þörfin fyrir innleiðingu farsældarlaganna liggur miðað við stöðu barna í dag og þar af leiðandi hverju lögin geta mögulega skilað.

Þörf fyrir innleiðingu laganna liggur í því að í núverandi velferðarkerfi næst ekki nægilega vel utan um vanda barna. Staða barna og ungmenna ber vitni um þetta meðal annars með hrakandi námsframmistöðu og andlegri líðan ásamt fjölgun óviðunandi heimilisaðstæðna barna. Samþætting á þjónustu barna og snemmtækur stuðningur eru meðal úrræða laganna sem ætlað er að draga úr eða forðast stöðuna eins og hún lítur út í dag.

Þjónustan sem lögin kveða á um er þrískipt eftir þörf barns. Fyrsta stig þjónustu felur í sér alla grunnþjónustu ásamt snemmtækum stuðningi sem fylgt er eftir af tengilið. Annað stig felur í sér markvissari stuðning þar sem þörf er á samþættingu þjónustu til að geta brugðist við þörfunum sem málstjóri fylgir eftir. Þriðja stig felur í sér sérhæfðari stuðning þar sem þjónustan er brýn og farsæld stefnt í hættu ef stuðningur og úrræði eru ekki fyrir hendi sem málstjóri fylgir eftir (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Snemmtækur stuðningur á fyrsta stigi á þá aðeins við um ákveðin hluta vandans. Fyrsta stig þjónustu er ætlað að fanga áskoranir barna sem reynast oft tímabundnar eins og skólasókn, fjölskyldu aðstæður, hegðun og heilsufar. Þetta eru áskoranir sem geta undið upp á sig og skapað aukinn vanda til framtíðar ef ekki er gripið inn í aðstæður. Annars konar vanda barna er ef til vill vísað strax á annað og þriðja stig þjónustu þar á meðal fötlun og málefni barna sem koma til kasta barnaverndar (Anna Tryggvadóttir og Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, 2021).

Vandi barna og ungmenna eins og staðan er í dag er víða og vandinn er mjög fjölþættur. Brotthvarf úr framhaldsskóla og lesskilningur ungmenna undir grunnhæfni eru dæmi um mögulegar afleiðingar þess að fyrsta stigi þjónusta var ekki til staðar. Ef litið er til ástæðu brotthvarfs má sjá að námserfiðleikar og félagslegur vandi fer saman og þarf að vinna með slíkt samhliða til að fyrirbyggja brotthvarf (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022). Þetta gæti fyrsta stig þjónusta í einhverjum aðstæðum tekist á við. Snemmtækur stuðningur mun í einhverjum tilfellum nýtast til að koma í veg fyrir eða draga úr frávikum með aðkomu tengiliða sem á að tryggja að barn fái þjónustu fyrr en ella, það er í óbreyttu fyrirkomulagi. Líklegt er að með fyrsta stigi þjónustu muni börn af erlendum uppruna verða gripin fyrr vegna nýs fyrirkomulags þar sem það er ljóst að þau börn þurfa á

meiri stuðningi að halda innan skólakerfisins og utan en börn af íslenskum uppruna. Annar vandi sem úrræði á fyrsta stigi þjónustu gæti komið til móts við er versnandi andlegan líðan barna og ungmenna sem getur dregið úr líkum þess að sú líðan þróist í geðsjúkdóm. Börn sem búa við fátækt eða aðrar óviðunandi aðstæður er vandi sem erfiðlega gæti reynst að greina með fyrsta stigi þjónustu því vandinn getur verið falinn og komið þá seinna í ljós en þjónustuveitendur í nærumhverfi barns ættu að geta greint slíkt fyrr en ella.

Þegar kemur að biðlistum þá gera lögin ráð fyrir því að börn eigi rétt á þjónustu án hindrana sem þýðir að veita á þjónustu án þess að formleg greining liggja fyrir. Það eykur rétt barna til þess að krefjast þjónustu sem áður var skilyrt með formlegri greiningu. Það eitt og sér ýtir undir snemmtækan stuðning og farsæld þeirra barna upp að vissu marki þó svo að áfram muni vera þörf fyrir formlegri greiningu og þjónustu umfram fyrsta stig. Tilkoma þjónustu á fyrsta stigi mun þó eflaust draga úr sókninni inn í hið formlega greiningarferli þar sem greining hefur verið forsenda þjónustu. Það getur þá haft áhrif á stöðu biðlista og slíkt gæti til framtíðar leitt til þess að börn með alvarlegri raskanir fái greiningu og þjónustu fyrr en verið hefur.

Þegar uppi er staðið þá gera farsældarlögin ráð fyrir því að börn og foreldrar eigi rétt á málstjóra þó svo að snemmtækur stuðningur hafi ekki komið til og mál séu komin af eða eiga ekki við fyrsta stig þjónustu sem tengiliður sér um. Málstjórar eiga að spila stórt hlutverk í því að halda öllum þráðum saman og sjá til þess að velferð barns og fjölskyldu sé í forgrunni. Það kæmi þá meðal annars til móts við foreldra fatlaðra barna sem hafa kallað eftir því í þjónustu við börnin þeirra (Agða Ingvarsdóttir og Tinna Björg Sigurðardóttir, 2015).

Lögin gera ráð fyrir að öll börn eigi rétt á þjónustu við hæfi án hindrana. Tíminn einn mun leiða í ljós hvort raunhæft er að gera ráð fyrir því að til verði nógu mikið fagfólki og nægu fjármagni. Markmiðið er að fækka frávikum og áföllum og draga úr þörfinni síðar meir á fjölþættari þjónustu. Forsendur laganna eru ekki að gera ráð fyrir því að fyrsta stigs þjónusta grípi alla sem eru í þörf enda verður að teljast ólíklegt að það sé raunhæft markmið. Hins vegar er þeim ætlað að auka aðgengi barna og foreldra til samþættrar þjónustu og gera ráð fyrir að grípa fleiri börn og styðja betur við farsæla framtíð þeirra en kerfið gerir í dag. Allt veltur þetta þó á framkvæmd laganna og því er ljóst að þörf er á frekari rannsókn þegar innleiðingin er lengra komin. Lögin eru langtíma fjárfesting og ljóst er að ávinningurinn muni taka tíma en góðir hlutir gerast hægt. Því verður áhugavert að fylgjast með framgangi farsældarlaganna og þeirri farsæld sem þeim er ætlað að skila börnum á Íslandi.

Heimildaskrá

- ADHD-samtökin. (e.d.). *Hvað er ADHD?*. <https://www.adhd.is/is/um-adhd/hvad-er-adhd>
- Agða Ingvarsdóttir og Tinna Björg Sigurðardóttir. (2015). *Rannsókn: Upplifun foreldra fatlaðra barna af þjónustunni sem Reykjavíkurborg veitir börnum og fjölskyldum þeirra*. https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla-thjonusta_rey-uppfaert_lokaeintak.pdf
- Anna Tryggvadóttir og Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir. (2021, 29. apríl). Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna - innleiðing og tækifæri [glærur]. Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar, Reykjavík, Ísland. https://www.greining.is/static/files/2_kynning-samthaetting-vorradstefna-gr-uppf.pdf
- Ásmundur Einar Daðason. (2018, 8. maí). *Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, ávarp* [myndskaið]. Snemmtæk íhlutun í málefnum barna á Íslandi, Reykjavík, Ísland. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/simbi/>
- Ásmundur Einar Daðason. (2020a). Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna. *Alþingistíðindi B-deild, 151*. <https://www.althingi.is/altext/raeda/151/rad20201209T171145.html>
- Ásmundur Einar Daðason. (2020b). Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna (andsvar). *Alþingistíðindi B-deild, 151*. <https://www.althingi.is/altext/raeda/151/rad20201209T174800.html>
- Ásmundur Einar Daðason. (2021a, 2 júlí). Stærsta efnahagsmálið er að fjárfesta í fólki. Dagmál: Hnitmiðaður frétt- og dægurmálapáttur Morgunblaðsins. *Studio*. https://www.mbl.is/mogginn/dagmal/umbudalaust/221132/?_t=1679679611.336405
- Ásmundur Einar Daðason. (2021b). Svar félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur um biðtíma hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. *Alþingistíðindi B-deild, 151*. <https://www.althingi.is/altext/151/s/0791.html>
- Barnaheill. (e.d.). *Fátækt*. https://www.barnaheill.is/is/starfid-okkar/gaetum-rettinda-barna/fataekt?fbclid=IwAR1v_ap34djefNUVUDBbvg_OnOGGht0huabL1WQdw5B7_U9uY0X8MeZGzLk
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). *Um Barnasáttmálann*. <https://www.barnasattmali.is/is/fyrir-born/um->

barnasattmalann?fbclid=IwAR0Lij8AwwtPOLJpfj9xr9nPhq6rBDly_adiPdZ47conzzHZ1zNN
phL05R4

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Barnaverndarstofa. (2022). *Tölulegar upplýsingar frá barnaverndarnefndum 2020*.

<https://www.bvs.is/media/almenningur/Arskyrsla-bvn-2020.pdf>

Benard, B. (2004). *Resiliency: What we have learned*. WestEd.

Berg, I. (1997). School refusal and truancy. *Archives of disease in childhood* 76(2), 90-91.

<https://doi.org/10.1136/adc.76.2.90>

Björn Brynjúlfur Björnsson. (30. október 2020). *Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna:*

Mat á fjárhagslegum áhrifum [glærur]. Breytingar í þágu barna – sambætting þjónustu.

Reykjavík, Ísland.

https://framsokn.is/wpcontent/uploads/2020/12/mat_a_fjarhagslegum_ahrifum.pdf

Brock, J. og Everingham, S. (e.d.). *Integrated children's services in Scotland: Practice and*

leadership: An assessment of progress and improvement. Social Work Scotland,

Healthcare Improvement Scotland og Care Inspectorate.

<https://childreninscotland.org.uk/wp-content/uploads/2018/06/Integrated-Childrens-Services-Report.pdf>

Care inspectorate. (e.d.). *The joint strategic inspection of services for children and young people: Review of findings from the inspection programme 2012-2017*.

<https://www.careinspectorate.com/images/documents/4781/Review%20of%20findings%20joint%20inspection%20services%20for%20children%20and%20young%20people%202012-17.pdf>

Center on the Developing Child. (2007). *The Science of Early Childhood Development*.

<https://developingchild.harvard.edu/resources/inbrief-science-of-eed/>

Coles, E., Cheyne, H., Rankin, J. og Daniel, B. (2016). Getting it right for every child: A national

policy framework to promote children's well-being in Scotland, United Kingdom. *Milbank*

Quarterly, 94(2), 334-365. <https://doi.org/10.1111/1468-0009.12195>

Elísabet Inga Sigurðardóttir og Lillý Valgerður Pétursdóttir. (2023, 26. mars). Bugaðir foreldra

tilkynna sig til barnaverndar. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20232394868d>

Embætti landlæknis. (2018, apríl). *Stöðugreining og framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum*

barna og ungmenna á Íslandi.

<https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/5ioLSPBnxHT7KFt6qyFyAQ/ae4ea637099315>

84447160954f308feb/Stodugreining_og_framtidarsyn_i_gedheilbrmalum_barna_og_un
gmenna_a_Islandi_April_2018.pdf

Felitti, V.J. Anda, R.F., Nordenberg, D., Williamson, D.F., Spitz, A.M., Edwards, V., Koss, M.P.
og Marks, J.S. (1998). *Relationship of childhood abuse and household dysfunction to
many of the leading causes of death in adults: The adverse childhood experiences (ACE)
study 14(4)*. [https://doi.org/10.1016/S0749-3797\(98\)00017-8](https://doi.org/10.1016/S0749-3797(98)00017-8)

Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Hrafnhildur Snæfríðar og Gunnarsdóttir og Ásdís Aðalbjörg
Arnalds. (2016). Staða ungs fólks með örorku- eða endurhæfingarlífeyri.
Félagsvísindastofnun. [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-
media/media/skyrslur2016/Stada_ungu_folks_med_ororku_13.10.2016.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-
media/media/skyrslur2016/Stada_ungu_folks_med_ororku_13.10.2016.pdf)

Guðrún Hálfðánardóttir. (2020, 28. nóvember). Ekki svipta börn bernskunni. *Mbl.is*.
https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2020/11/28/ekki_svipta_born_bernskunni/?fbclid=IwAR1RpR7jDqLWIGUixVcEEEnUkESAH-RzCj_kRumLDJdgcRfu-2NCoeH7JU10

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir. (2021). Fleiri börn í bráðainnlögn á BUGL vegna
sjálfsvígshugsana, - rætt við Bertrand Andre Marc Lauth, geðlækni. *Læknablaðið* 5(107),
250-252. <https://www.laeknabladid.is/tolublod/2021/05/nr/7712>

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir. (2022). Um helmingur fanga með ADHD. *Læknablaðið*
0708(108), 364-366. <https://www.laeknabladid.is/media/2022-0708/u05.pdf>

Hagstofa Íslands. (2019a). *Rannsókn á launamun eftir bakgrunni 2008-2017*.
[http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/fec8bbe4-6295-4fd6-8fce-
35ef9a95d6ea.pdf](http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/fec8bbe4-6295-4fd6-8fce-
35ef9a95d6ea.pdf)

Hagstofa Íslands. (2019b, 3. júlí). *Tæplega 2.400 ungmenni eru ekki í vinnu, námi eða
starfsþjálfun*. [https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/ungmenni-sem-
stunda-ekki-nam-atvinnu-eda-starfsthjalfun-2003-2018/](https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/ungmenni-sem-
stunda-ekki-nam-atvinnu-eda-starfsthjalfun-2003-2018/)

Hagstofa Íslands. (2020, 14. apríl). *Nýnemar á framhaldsskólastigi sem eiga
háskólamenntaða foreldra eru líklegri til að útskrifast*.
[https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/nynemar-a-framhaldsskolastigi-sem-
eiga-haskolamenntada-foreldra-eru-liklegri-til-ad-utskrifast/](https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/nynemar-a-framhaldsskolastigi-sem-
eiga-haskolamenntada-foreldra-eru-liklegri-til-ad-utskrifast/)

Hagstofa Íslands. (2022a, 12. september). *Hlutfall barna sem skortir efnisleg gæði 4,2% árið
2021*. [https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/felagsvisar-lagtekjuhlutfall-og-
skortur-a-efnislegum-gaedum-medal-barna-a-islandi/](https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/felagsvisar-lagtekjuhlutfall-og-
skortur-a-efnislegum-gaedum-medal-barna-a-islandi/)

- Hagstofa Íslands. (2022b, 28. júlí). *Minna brotthvarf í framhaldsskólum*.
[https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/brautskraningarhlutfall-og-brottfall-af-
framhaldsskolastigi-2020/](https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/brautskraningarhlutfall-og-brottfall-af-framhaldsskolastigi-2020/)
- Heckman, J.J. (2006). Skill formation and the economics of investing in disadvantaged children. *SCIENCE* 312(5782), 1900-1902. <https://doi.org/10.1126/science.1128898>
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins. (e.d.). *Geðheilsumiðstöð barna*.
<https://www.heilsugaeslan.is/gedheilsa/gedheilsumidstod-barna/>
- ILO. (2019). *Labour market access - a persistent challenge for youth around the world*.
[https://ilo.org/wcmsp5/groups/public/---dgreports/---
stat/documents/publication/wcms_676196.pdf](https://ilo.org/wcmsp5/groups/public/---dgreports/---stat/documents/publication/wcms_676196.pdf)
- Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Heiðís Björk Valdimarsdóttir, Erla María Jónsdóttir Tolgyes, Jón Sigfússon, John Philip Allegrante, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórhildur Halldórsdóttir. (2021). Depressive symptoms, mental well-being, and substance use among adolescents before and during the COVID-19 pandemic in Iceland: a longitudinal, population-based study. *Lancet Psychiatry* 8, 663-672. [https://doi.org/10.1016/S2215-0366\(21\)00156-5](https://doi.org/10.1016/S2215-0366(21)00156-5)
- Ingibjörg Eva Þórisdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2017, 23. febrúar). Að bæta líðan barna - Lifecourse rannsóknin. *SÍBS*. [https://sibs.is/fraedsla/greinar/1579-adh-baeta-lidhan-
barna-lifecourse-rannsoknin/](https://sibs.is/fraedsla/greinar/1579-adh-baeta-lidhan-barna-lifecourse-rannsoknin/)
- Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Sigrún Daníelsdóttir og Salbjörg Bjarnadóttir. (2018). Sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna: Niðurstöður kannana í framhaldsskólum frá 2000 til 2016. *Embætti landlæknis*.
[https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/6w4DZNPfu9Zm8acmE3PVO9/bfc224678924
50c8b70306d030911d4a/Skyrsla_Sjalfsvigshugsanir_og_sjalfsvigstilraunir_me_al_islensk
ra_ungmenna_Sept_2018_LOK.pdf](https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/6w4DZNPfu9Zm8acmE3PVO9/bfc22467892450c8b70306d030911d4a/Skyrsla_Sjalfsvigshugsanir_og_sjalfsvigstilraunir_me_al_islenskra_ungmenna_Sept_2018_LOK.pdf)
- Ísland.is. (e.d.). Sjálfsvíg tölur. *Embætti landlæknis*. <https://island.is/tolfraedi-um-sjalfsvig>
- Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson. (2022). Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. *Velferðarvaktin*.
[https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sk%20bdsla%20-
%20brotthvarf%20c3%bar%20framhaldssk%20b3lum%2024.01.2022.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sk%20bdsla%20-%20brotthvarf%20c3%bar%20framhaldssk%20b3lum%2024.01.2022.pdf)
- Lee, S.S., Humphreys, K.L., Flory, K., Liu, R. og Glass, K. (2011). Prospective association of childhood attention-deficit/hyperactivity disorder (ADHD) and substance use and

- abuse/dependence: A meta-analytic review. *Clinical Psychology Review* 31, 328-341.
<https://doi.org/10.1016/j.cpr.2011.01.006>
- Lög um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- Lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Maskína. (2019, janúar-febrúar). *Velferðarvaktin skólaforðun*.
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5a6ca512-44c4-11e9-9436-005056bc530c>
- McGorry, P.D. og Mei, Cristina. (2018). Early intervention in youth mental health: Progress and future directions. *Evid Based Mental Health November 21(4)*, 182-184.
<https://doi.org/10.1136/ebmental-2018-300060>
- Menntamálastofnun. (2019). *PISA 2018: Helstu niðurstöður á Íslandi*.
https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2019_0.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*.
https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneytimedia/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf
- Nadine Guðrún Yaghi. (2019a, 2. júní). Segir Barnaverndarnefnd Seltjarnarness hafa brugðist barni sem bjó við ofbeldi. *Vísir*.
https://www.visir.is/g/2019756241d?fbclid=IwAR00iskv5QHMRm-IaOVLFCsr3b1LD3Nj6mco6wdyVnXkODY88s_bt0AbNbM
- Nadine Guðrún Yaghi. (2019b, 3. júní). Sextán ára stúlka segir að Seltjarnarnesbær hafi sópað fjölda ábendinga um áralanga vanrækslu undir teppið. *Vísir*.
<https://www.visir.is/g/2019190609716?fbclid=IwAR3QbeyDqeiycEwDtNpuN72jZn4JRGOINwanoRAXlyQCeWmG19ulbk-Du5c>
- NOSOSCO. (2017). *Social Protection in the Nordic Countries: Scope, Expenditure and Financing*. <https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1148493/FULLTEXT02.pdf>
- Rannsóknir og greining. (2020). *Ungt fólk 2020 framhaldsskólar*. <https://rannsoknir.is/wp-content/uploads/2021/01/Ungt-folk--Framhaldsskolar-2020.pdf>
- Rannsóknir og greining. (2021). *Ung fólk 2021 8., 9. og 10. bekkur*. https://rannsoknir.is/wp-content/uploads/2021/06/8_10_Landid-2.pdf

- Ráðgjafar- og greiningarstöð. (2022). Ársskýrsla 2021.
<https://www.greining.is/static/files/arsskyrsla-2021-.pdf>
- Ráðgjafar- og greiningarstöð. (e.d.). *Um okkur*.
https://www.greining.is/is/greiningarstod?fbclid=IwAR3jUmAip9HqUPIhO7ISWILM2_s11531WIHpPaHLOZtOwl-oGAtvOvhvceg
- Rea, D. og Burton, T. (2020). New evidence on the Heckman Curve. *Journal of Economic Surveys* 34(2), 241–262. <https://doi.org/10.1111/joes.12353>
- Reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna nr. 1180/2022
- Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010
- Reiss, F., Meyrose, A-K., Otto, C., Lampert, T., Klasen, F. og Ravens-Sieberer, U. (2019). Socioeconomic status, stressful life situations and mental health problems in children and adolescents: Results of the German BELLA cohort-study. *PLoS ONE* 14(3): e0213700. <https://doi.org/10.1371/journal.pone.0213700>
- Ríkisendurskoðun. (2022). *Geðheilbrigðisþjónusta: Stefna - skipulag - kostnaður - árangur Skýrsla að beiðni Alþingis: Stjórnarsýsluúttekt*.
<https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2022-gedheilbrigdismal.pdf>
- Rocque, M., Jennings, W.G., Piquero, A.R., Ozkan, T. og Farrington, D.P. (2017). The importance of school attendance: Findings from the Cambridge study in delinquent development on the life-course effects of truancy. *Crime & Delinquency* 63(5), 592–612. <https://doi.org/10.1177/0011128716660520>
- Scottish Government. (2022). *Getting it right for every child (GIRFEC): Policy statement*.
<https://www.gov.scot/binaries/content/documents/govscot/publications/advice-and-guidance/2022/09/getting-right-child-girfec-policy-statement/documents/getting-right-child-policy-statement-2022/getting-right-child-policy-statement-2022/govscot%3Adocument/getting-right-child-policy-statement-2022.pdf>
- Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2019). Opinber stefna, skólakerfið og hlutverk kennara: Viðbragðsbúnaður skólans. *Icelandic Review of Politics and Administration* 15(1), 113-134. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2019.15.1.6>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna*.
<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Breytingar%20%C3%AD%20%C3%BE%3%A1gu%20barna%20-%20sam%C3%BE%3%A6tting%20%C3%BEj%C3%B3nustu.pdf>

- Styrmir Gunnarsson. (2021, 19. júní). Mestu umbætur í velferðarmálum í áratugi. *Mbl.is*.
https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1783305%2F%3Ft%3D546879180&page_name=grein&grein_id=1783305
- Sæunn Kjartansdóttir. (2010). Við vissum það ekki þá en við vitum það núna. Um áhrif fyrstu árána á börn og fullorðna. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstj.). *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 133-144). Háskólaútgáfan
- Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir og Sigrún Harðardóttir. (2012). „Þá bara hætti ég, ég hef ekkert aðra leið“: Fjölgreinabraut í Menntaskólanum á Egilsstöðum). *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2012/alm/006.pdf>
- Tryggvi Sigurðsson. (2003, 3. september). Snemmtæk íhlutun: markmið og leiðir. *Ráðgjafar- og greiningarmiðstöð*.
<https://www.greining.is/static/files/banner/Snemmtaek%20ihlutun.pdf>
- UNICEF. (2020). *Worlds of Influence Understanding What Shapes Child Well-being in Rich Countries*. https://www.unicef.ca/sites/default/files/2020-08/WorldsOfInfluence_EN.pdf
- UNICEF. (2021). *Réttindi barna á Íslandi: Barnamiðuð greining á efnislegum skorti*.
https://uniceficeland.cdn.prismic.io/uniceficeland/88d9bfbc-022f-4df4-82c9-dcac9c75faa3_UNICEF+-+Skortskyrsla+2021_loka.pdf
- Umboðsmaður barna. (2023a, 21. mars). *Upplýsingar um bið barna eftir þjónustu*.
https://www.barn.is/frettir/upplýsingar-um-bid-barna-eftir-thjonustu?fbclid=IwAR3RzK3SY850pLUuZLkomDhjtRtOllxGHbzGDTqw_Ox2zP91kfcg_AanE8
- Umboðsmaður barna. (2023b, 20. mars). *Upplýsingar um bið eftir þjónustu*.
<https://www.barn.is/barnasattmalinn/bid-eftir-thjonustu/>
- Zulauf, C.A., Sprich, S.E., Safren, S.A. og Wilens, T.E. (2014). The complicated relationship between attention deficit/hyperactivity disorder and substance use disorders. *Curr Psychiatry Reports* 16(3), 436. <https://doi.org/10.1007/s11920-013-0436-6>
- Pingskjal 440/2020–2021. Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir. (2022). Biðlisti barna eftir þjónustu talmeinafræðinga (fyrirspurn). *Alþingistíðindi B-deild*, 152.
https://www.althingi.is/altext/raeda/152/rad20220131T165112.html?fbclid=IwAR2jo4A6BNd7oCLblgQsniE_uU5RFAMWgYfrBg285wkSPHYuWWsj_q3z-l8

Þóra Þórðardóttir. (2020). Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum: Lokaskýrsla.

Menntamálastofnun.

https://mms.is/sites/mms.is/files/lokaskyrsla_adgerdir_gegn_brotthvarfi_i_framhaldsskolum.pdf